

#### 45 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kristfjárjarða.**

16. mars.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 20. janúar þ. á., viðvíkjandi fyrirspurn sóknarprestans í Helgafellsprestakalli um það, hvort ábúendum kristfjárjarða gefist kostur á að fá ábyli sin keypt, og, ef svo sje, þá hver leið skuli farin til þess að ná kaupum á þeim, skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir tjeðum presti, að stjórnarráðið hefir eigi heimild til sölu kristfjárjarða svo sem til sölu kirkjujarða og þjóðjarða, og að þá er ræða hefir verið um sölu kristfjárjarða hefir verið leitað konungsleyfis til sölunnar, en að slíks leyfis mun stjórnarráðið eigi leita nema þegar sjerstaklega stendur á og salan þykir eigi athugaverð á nokkurn hátt vegna ákvæða í eignarheimildum þeim, er liggja fyrir um hverja einstaka jörð, og oftast munu vera gjafabrjef einstakra manna með ákveðnum fyriræmum gefanda.

#### 46 **Brjef stjórnarráðsins til landlæknis um kenslu yfirsetukvænna.**

26. mars.

Með brjefi, dags. 16. þ. m., hafið þjer, herra landlæknir, skýrt stjórnarráðinu frá, að tilhögun sú á kenslu yfirsetukvænna, sem ákveðin er í brjefi landshöfðingjans frá 15. des. 1884, sje, að yðar áliti, mjög óhentug. Látið þjer þess getið, að kenslutími þessi sje mikils til of stuttur og að því sje eigi auðið að kenna yfirsetukvænnaefnum alt, sem þær þurfa að læra og sjerstaklega verði verkleg æfing þeirra allsendis ónóg. Leggið þjer til, að stjórnarráðið breyti ákvæðum nefnds landshöfðingjabrjefs þannig, að í stað tveggja 3ja mánaða námskeiða á ári, sem nú eru, kom eitt 6 mánaða námsskeið frá 1. okt. til 1. apríl ár hvert.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgerða, að með því að stjórnarráðið verður að vera yður sammála um, að hin núverandi kenslutími hljóti að vera altot stuttur til undirbúnings undir hið mikilsverða starf yfirsetukvænna, samþykkir stjórnarráðið tjeða tillögu yðar, og ber yður því að haga kenslu þessari framvegis á ofangreindan hátt.

#### 47 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um rjettar-**

31. mars. **próf útaf brunum.**

Með því að ýmsir eldsvoðar, sem að hafa borið á síðari árum, þykja tortryggilegir eða að minsta kosti bera vott um talsvert skeytingarleysi í meðferð elds og eldfimra hluta, þykir stjórnarráðinu ástæða til að leggja fyrir yður, herra sýslumaður, þegar bruna ber að höndum, að halda reglulegt rjettarpróf svo fljótt sem því verður viðkomið og sjerstaklega reyna að fá upplýst eftirfylgjandi atriði: